

Góð afkoma Eftirlaunasjóðs FÍA árið 2015

Ávöxtun

Afkoma Eftirlaunasjóðs FÍA var með besta móti á árinu 2015. Nafnávöxtun ársins nam 14,9% sem svarar til 12,6% raunávöxtunar. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þegar rekstarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 12,5% á árinu samanborið við 5,3% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára er 7,0% og 1,9% síðustu tíu ár. Ef horft er til síðast liðinna 20 ára er meðalávöxtun sjóðsins nú 3,6%.

Hrein eign til greiðslu lífeyris


Hrein eign til greiðslu lífeyris nam um 29,8 m.a. í árslok samanborið við 25,4 m.a. í lok fyrra árs. Sjóðurinn stækkaði því um 4,4 m.a. á árinu eða um 17,2%.

Iðgjöld og lífeyrir

Alls greiddu að meðaltali 623 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu sem er aukning frá fyrra ári þegar meðalföldi greiðandi sjóðfélaga var 572. Lífeyrisþegar voru 185 á árinu og í árslok áttu 961 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum.

Samhliða fjölgun sjóðfélaga hafa iðgjöld til sjóðsins einnig aukist en þau hækka um 15,4% milli ára og eru um 1,3 m.a á árinu 2015. Lífeyrisgreiðslur jukust einnig á árinu en lítillega þó eða um 2,5%. Hlutfall innflæðis í sjóðinn á móti útlæði er því hátt og sjóðurinn vaxandi.

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu 2011-2015



Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2015

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði umtalsvert á árinu. Tryggingafræðileg athugun sýnir að í árslok 2015 voru heildareignir sjóðsins 8,1% umfram heildarskuldbindingar samanborið við 1,2% í lok fyrra árs. Það er sannarlega ánægjulegt að sjá þennan viðsnúning í tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á síðast liðnum árum.

Vilji er hjá stjórn sjóðsins til að bregðast við bættri stöðu og auka réttindi sjóðfélaga. Hins vegar þarf að hafa í huga áform um að nýjar lífslíkur, sem byggja á framtíðarspá, verði notaðar næst við útreikning á skuldbindingum sjóðsins. Slíkt mun leiða til verulegrar aukningar á skuldbindingum og því nauðsynlegt að taka tillit til þess þegar skoðað er hversu mikið er hægt að auka réttindi nú. Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA leggur til á ársfundi sjóðsins þann 11. maí 2016 að réttindi allra sjóðfélaga verði aukin um 3% miðað við réttindi í árslok 2015. Að ársfundi loknum verður tillagan lögð fyrir sjóðfélaga í allsherjar atkvæðagreiðslu, líkt og samþykktir segja til um, og hvetur stjórn sjóðfélaga til að nýta atkvæðisrétt sinn.

Stjórn EFÍA

Ávöxtun

Meðaltal raunávöxtunar m.v árslok 2015

